

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 18. júlí 2019

Mál nr. E-123/2019:

Db. Else Ingeborg Hansen

(*Hulda Rós Rúriksdóttir lögmaður*)

gegn

Hafnarfjarðarkaupstað

(*Sigurður Jónsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 23. maí síðastliðinn, er höfðað 1. febrúar 2019.

Stefnandi er dánarbú Else Ingeborg Hansen, Stekkjarbergi 11, Hafnarfirði.

Stefndi er Hafnarfjarðarkaupstaður, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stærð lóðarinnar númer 11 við Stekkjarberg í Hafnarfirði afmarkist af girðingu sem sett var upp árið 1957 í kringum lóðina. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi leitaði úrlausnar máls þessa samkvæmt XVII. kafla laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., sbr. heimild í 125. gr. laganna. Stefndi samþykkti ekki slíka málsmeðferð og því var farið með málið eftir lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I

Málsatvik

Þann 12. október 1953 afsalaði Elísabet Reykdal til Skúla Hansen landspildu úr jörðinni Setbergi í þáverandi Garðahreppi umhverfis húsið Skálaberg. Landspildan fékk síðar heitið Stekkjarberg 11. Í afsalinu segir um hið selda land, sem er 3.000 m² að stærð, að takmörk þess séu að vestan 70 metra lína dregin úr horni Lindarbergslands í suðurátt. Suðurtakmörkin séu lína dregin hornrétt á fyrrgreinda línu 50 metra

í austurátt. Að norðan takmarkist hið selda land af Lindarbergslandi en að austan séu takmörkin lína dregin úr Lindarbergslandi 50 metra hornrétt á suðurlínu hins selda lands.

Í stefnu segir að fljótlega, eða alveg á næstu árum eftir að framangreint afsal hafi verið gefið út, hafi Skúli Hansen girt landið til að afmarka það. Girðinguna hafi hann sett niður í samvinnu og samráði við seljanda landsins. Stendur girðingin ennþá að stórum hluta. Þá segir að mæld stærð landsins innan girðingarinnar sé töluvert stærri en 3000 m². Einnig segir að Skúli og fjölskylda hans hafi nýtt landspilduna sem girt var af sem hans eigið land. Fjölskyldan hafi plantað trjám innan girðingar og sé þar nú hávaxinn gróður. Í upphafi þegar fjölskyldan hafi flutt í Skálaberg hafi engin tré verið á landspildunni. Hafi Skúli Hansen, eiginkona hans og fjölskylda plantað öllum trjágróðri sem sé á landspildunni.

Skúli Hansen lést á árinu 1964 en eftirlifandi eiginkona hans, Else Ingeborg Hansen, bjó í eign þeirra allt þar til hún lést í desember 2017, fyrst ásamt báðum dætrum þeirra hjóna, Ann Mari og Mariann, en eftir að síðarnefnda dóttirin flutti að heiman bjó ekkja Skúla Hansen í fasteigninni ásamt Ann Mari dóttur þeirra hjóna.

Í upphafi þegar Skúli Hansen keypti Skálaberg úr landi Setbergs tilheyrði jörðin Garðahreppi. Á árinu 1978 munu Setberg og þær landspildur, sem skipt hafði verið út úr jörðinni, hafa farið undan yfirráðum Garðahrepps og undir lögsögu Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Fyrsta skipulagið sem Hafnarfjarðarkaupstaður gerði eftir framangreindar breytingar fyrir það svæði, sem Stekkjarberg 11 (áður Skálaberg) stendur á, er frá árinu 1983. Á því skipulagi er landið að Stekkjarbergi 11 sagt vera um það bil í sömu stærð og girðing utan um spilduna. Sömu upplýsingar er að finna í skipulagi stefnda 1991 og er landspildan sögð vera um það bil jafnstór og girðing sem afmarkar spilduna. Næsta skipulag stefnda var gert árið 1993. Þar er Stekkjarberg 11 sagt vera jafnstórt og á fyrri tveimur skipulagsuppháttum.

Haustið 1994 var gert skipulag af útivistarsvæði Stekkjarhrauns en það svæði mætir Stekkjarbergi 11 á lóðarmörkum. Þar er lóðin ekki í fullri stærð og sögð vera minni en girðing utan um spilduna. Árið 2005 var gert deiliskipulag fyrir lóðina númer 9 við Stekkjarberg. Á því skipulagi kemur fram að stærð lóðarinnar við hliðina eða Stekkjarberg 11 sé eins og girðing utan um þá lóð er. Árið 2015 var kynnt nýtt

deiliskipulag hjá Hafnarfjarðarkaupstað fyrir svæðið. Þar er lóðin Stekkjarberg 11 sögð vera minni en girðing utan um landið segir til um.

Með bréfi 11. september 2018 til stefnda var komið á framfæri athugasemdum stefnanda við að stærð landspildunnar væri ekki skráð með réttum hætti hjá sveitarfélaginu. Var óskað eftir fundi með stefnda til að fara yfir öll gögn sem væru til um landspilduna að Stekkjarbergi 11. Stefndi svaraði ekki bréfinu og var það ítrekað 5. október 2018. Í svarbréfi stefnda 13. desember sama ár segir að afmörkun landsins sé skýr í afsalinu og á uppdrætti sem því fylgdi og breyti lega á girðingu þeirri sem Skúli hafi sett upp engu um það að hið afsalað land hafi verið 3.000 m² að flatarmáli og engin gögn staðfesti að land það sem Skúli hafi tekið sér yrði hluti Skálabergs. Eldri skipulagsuppdrættir sem sýni afgang landspildu breyti engu um eignarrétt að spildunni, enda sé það ekki hlutverk skipulags að kveða á um merki milli eignarlanda.

II

Málsástæður og lagarök stefnanda

Eftirlifandi eiginkona Skúla Hansen, Else Ingeborg Hansen, lést 26. desember 2017. Tveir erfingjar voru í dánarbúinu, Ann Mari Hansen og systir hennar, Mariann Zetterström Hansen. Sé það staðfest í leyfi til einkaskipta vegna dánarbús Else Ingeborg, sem gefið hafi verið út af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu 25. júlí 2018, en Mariann lést 31. mars 2018 og eins og staðfest sé í leyfi til einkaskipta í dánarbúi hennar sé Ann Mari einkaerfingi í því dánarbúi.

Stefnandi segir líklegt að stefnandi muni selja fasteignina Stekkjarberg 11 í náinni framtíð enda sé einkaerfingi dánarbúsins orðin fullorðin og eigi ekki börn sem búsett séu hér á landi. Hún hafi því mikla hagsmuni af því að fá niðurstöðu í mál þetta. Ófært sé fyrir stefnanda að selja fasteignina á meðan áhöld eru um það hver lóðarmörk séu. Stefnandi kveðst beina kröfum sínum að stefnda þar sem stefndi hafi yfirráð yfir því landi sem liggja að lóð númer 11 við Stekkjarberg. Mörk lóðarinnar liggja að fólkvangi í Stekkjarhrauni. Stefndi hafi á árinu 2015 gert samning við Umhverfisstofnun um umsjón fólkvangsins í kjölfar stofnunar hans en í auglýsingu númer 398/2009, sem birt hafi verið í Lögbirtingablaði 3. apríl 2009, hafi umhverfísráðherra auglýst stofnun fólkvangs í Stekkjarhrauni í Hafnarfirði. Afmörkun fólkvangsins hafi verið í samræmi við skipulag stefnda. Af fyrirliggjandi gögnum fái stefnandi því ekki annað ráðið en að eignarréttur aðliggjandi lands við Stekkjarberg 11 sé í höndum stefnda. Auk þess

verði ekki annað séð en að stefndi telji sig bærán til að ráðstafa aðliggjandi landsvæði við lóð stefnanda, enda hafi stefndi gert margar skipulagstillögur um landsvæðið. Á þeim grundvelli beini stefnandi kröfum sínum að stefnda.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að allt frá upphafi þess að fjölskylda hinnar látnu hafi eignast landið hafi það verið skýrt að lóðamörk landsins væru við girðingu sem eiginmaður hinnar látnu hafi sett upp í samvinnu og samráði við seljanda landsins, eiganda Setbergs. Fjölskyldan hafi ávallt nýtt lóðina innan girðingar, plantað þar trjám og hugsað um landið sem sitt eigið, enda ávallt staðið í þeirri trú að eign þeirra næði að afmörkun landsins með girðingu.

Eftir að Stekkjarberg 11, ásamt jörðinni Setbergi og spildum sem höfðu verið klofnar út úr henni, hafi farið til stefnda á áttunda áratug síðustu aldar hafi ekki verið gert skipulag vegna svæðisins fyrr en á árinu 1983, að minnsta kosti þannig að stefnanda sé kunnugt. Á þeim skipulagsuppdráttum sem unnir hafi verið síðar virðist stefndi almennt hafa litið svo á að eignaréttur lóðarinnar númer 11 við Stekkjarberg miðaðist við girðingu. Það hafi ekki verið fyrr en stefndi hafi farið að birta skipulagsuppdrætti fyrir útivistarsvæði Stekkjarhraunsins, það er fyrst árið 1995, að lóð stefnanda sé sögð minni en afmörkun girðingarinnar segir til um. Hin látna eða fjölskylda hennar hafi þó enga hugmynd haft um þetta en hafi uppgötvað það um það bil 20 árum síðar að uppdrátturinn frá 1995 væri með þessu móti, enda hafði hvorki hin látna eða fjölskylda hennar fengið upplýsingar um það. Sýni það glögg að það virðist hafa verið háð tilviljunum hvernig stefndi hafi litið á málefni Stekkjarbergs 11 að 10 árum eftir að framangreint deiliskipulag fyrir útivistarsvæðið hafi verið gert, eða árið 2005 þegar deiliskipulag var gert fyrir lóðina númer 9 við Stekkjarberg, að þar er lóðin númer 11 við Stekkjarberg sögð vera jafnstór og girðing segi til um.

Þegar deiliskipulag hafi verið gert árið 2015 vegna lóðarinnar númer 9 við Stekkjarberg, og það kynnt íbúum nærliggjandi lóða, hafi verið gerð athugasemd á fundi sem haldinn hafi verið af því tilefni 26. maí 2015. Á fundinum hafi eigandi lóðarinnar númer 7 við Stekkjarberg spurt um það hvers vegna lóðin númer 11 væri ranglega tilgreind á uppdrættinum sem var til kynningar. Engin svör hafi fengist á fundinum en sagt að þetta yrði kannað hjá stefnda. Í kjölfar fundarins hafi lögmaður eigenda lóðanna númer 7 og 11 ítrekað gengið eftir svörum en án árangurs.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á því að lóðin númer 11 við Stekkjarberg afmarkist af girðingu sem sett hafi verið upp í samráði við fyrri eiganda. Sú girðing

sé ekki eins staðsett og lóðarmörk séu sögð vera í afsali sem seljandi landsins árið 1953 hafi ákveðið. Stefnandi byggi því á því að það svæði sem sé innan girðingar en ekki talið tilheyrja landinu í afsalinu frá 1953 hafi orðið eign stefnanda og foreldra hennar þar áður á grundvelli hefðar. Stefnandi vísi til 1. og 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð kröfum sínum til stuðnings. Stefnandi og fjölskylda hennar hafi nýtt landið innan girðingar allt frá því á sjötta áratug síðustu aldar eða í mun lengri tíma en lágmark eignarhalds samkvæmt lögnum geri ráð fyrir. Þá sé í 3. gr. laganna kveðið á um að hefðartíma megi telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri ef eignarhaldið hefur löglega gengið frá manni til manns. Í tilviki því sem hér um ræði hafi fasteignin einungis verið í eigu foreldra stefnanda og svo gengið til hennar nú við andlát móður hennar og systur. Skilyrðum ákvæðisins sé því fullnægt.

Þá byggi stefnandi á því að stærð lóðarinnar númer 11 við Stekkjarberg sé miðuð við girðingu sem hafi verið nánast frá upphafi þess að fjölskylda stefnanda eignaðist lóðina á síðustu öld. Með vísan til framangreinds sé byggt á því að nýting fjölskyldunnar á landinu innan girðingar allan þann tíma skapi stefnanda eignarrétt með vísan til 6. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, enda sé hér um fullnaða hefð að ræða.

Hvað lagarök varðar vísar stefnandi til laga nr. 46/1905 um hefð. Um aðild er vísað til 16. og 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing stefnda er vísað til 33. gr. laga um meðferð einkamála. Kröfu sína um greiðslu málskostnaðar byggir stefnandi á 130. gr., sbr. 3. mgr. 129. gr. sömu laga. Krafa stefnanda um greiðslu virðisaukaskatts á málskostnað byggist á lögum nr. 50/1988.

III

Málsástæður og lagarök stefnda

Krafa stefnda um sýknu er í fyrsta lagi byggð á því að samkvæmt þinglýstum heimildum sé stærð lóðar stefnanda 3.000 m² og liggi engin gögn fyrir sem bendi til þess að staðið hafi til að lóðin yrði stækkuð. Ekki liggi þannig fyrir neinar heimildir um að umdeildur landauki yrði færður undan landi Setbergs og lagður til Skálabergs, nú Stekkjarbergs 11, enda engar ráðstafanir gerðar í þá veru. Mögulegt sé að fyrri eigendur Setbergs hafi heimilað fyrri eiganda Skálabergs að planta trjám á landinu utan lóðarmarka og ef svo hafi verið hafi verið um að ræða einhvers konar lán í skilningi 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Engin gögn hafi þó verið lögð fram um það

að fyrri eigendur Setbergs hafi heimilað eða verið með í ráðum þegar Skúli Hansen hafi girt landið.

Þá kveðst stefndi í öðru lagi mótmæla því að stefnandi hafi eignast viðbótarlandið á grundvelli laga nr. 46/1905 um hefð. Ekki hafi verið sýnt fram á það af stefnanda að eigendaskipti hafi orðið að viðbótarlandinu með eignartilfærslu eða samningum á milli fyrri eigenda lóðanna af nokkru tagi. Engin gögn styðji þau sjónarmið að stefnandi sé löglegur eigandi viðbótarlandsins. Þá liggi engin gögn fyrir um að staðið hafi til að viðbótarlandið yrði hluti Skálabergrs og því sé í besta falli hægt að líta svo á að fyrri eigendur Setbergs hafi heimilað fyrri eigendum Skálabergrs að planta trjám á landinu. Til þess að stofnun eignarréttinda geti átt sér stað fyrir hefð sé gerð sú krafa að umráð hefðanda séu útrýmandi þannig að umráð annarra séu útilokuð. Gögn málsins bendi ekki til þess að stefnandi eða forveri hans hafi notað umþrætt viðbótarland við spilduna með útrýmandi hætti.

Í þriðja lagi byggist sýknukrafa stefnda á því að tekist sé á um eignarrétt að landi en ekki skipulag þess. Byggt sé á því að skipulagsuppdrættir sem vísað sé til í rökstuðningi stefnanda skipti hér engu máli, enda sé tekist á um eignarrétt að landinu en ekki um það hver fari þar með skipulagsvald. Hlutverk skipulags sé ekki að kveða á um merki milli eignarlanda. Stefndi fari vissulega með skipulagsvald innan sinna stjórnsýslumarka burtséð frá því hver sé eigandi landsins og sé þar í öðru hlutverki en sem landeigandi. Engin viðurkenning á eignarrétti stefnanda að ætluðum landauka geti falist í því að land Stekkjarbergrs 11 hafi á einhverjum tíma á skipulagsuppdráttum verið dregið upp stærra en það hafi átt að vera samkvæmt afsali. Í auglýsingu frá 3. apríl 2009 um stofnun fólkvangs í Stekkjarhrauni sé mörkum fólkvangsins lýst í 3. gr. auk þess sem uppdráttur hafi fylgt auglýsingunni. Þar sé afmörkun Stekkjarbergrs 11 3.000 m² í samræmi við þinglýstar heimildir. Stefndi sé þar, auk þess að leggja til friðlýsingu í samræmi við 2. mgr. 55. gr. þágildandi náttúruverndarlaga nr. 44/1999, í hlutverki eiganda landsins. Stefnandi beini kröfum sínum einmitt að stefnda sem eiganda þrætulandsins en ekki sem handhafa skipulagsvalds, enda nái skipulagsvaldið ekki til beins eignarréttar.

Í fjórða lagi sé vísað til þess að í veðmálabókum og fasteignaskrá sé lóðin sögð 3.000 m² og ekki sé annað að sjá en að fasteignagjöld hafi verið greidd af þeirri landstærð. Með þinglýsingu skjala sé þeim réttindum sem háð séu þinglýsingu aflað lögverndar gagnvart þriðja manni. Stefndi sé grandlaus kaupandi þess lands sem liggi

að lóð númer 11 við Stekkjarberg. Þegar stefndi hafi keypt landið hafi það ekki komið fram hjá seljanda að hann teldi lóðina sem nú er Stekkjarberg 11 stærri en 3.000 m² eins og þinglýstar heimildir kveði á um. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 gildi sú regla að sá er hljóti réttindi með samningi við þinglýstan eiganda eignar þurfi ekki að sæta þeirri mótbáru að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt ef hann hefur verið grandlaus um ógildingaratvikið þegar hann hafi öðlaðist réttindi.

Loks sé vísað til þess að engar haldbærar upplýsingar liggi fyrir um stærð þess lands sem stefnandi krefst að viðurkennt verði að sé hans eign. Skipulagsuppdrættirnir í málgögnum segi ekkert til um þetta og framlagðar ljósmyndir segi ekkert til um staðsetningu og ástand girðingarinnar annað en að girðingin sé umlukin gróðri og svo til ónýt.

Til stuðnings kröfum sínum í málinu vísar stefndi til þinglýsingalaga nr. 39/1978, laga nr. 46/1905 um hefð, skipulagslaga nr. 123/2010 og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV

Forsendur og niðurstaða

Við aðalmeðferð málsins gaf aðilaskýrslu Ann Mari Zetterström Hansen. Þá gáfu skýrslu vitnin Hanna Björk Ragnarsdóttir og Þormóður Sveinsson. Dómari gekk á vettvang ásamt lögmönnum aðila, svo og Ann Mari Zetterstöm Hansen og vitninu Hönnu Björk Ragnarsdóttur. Kynnti dómari sér legu og ástand þeirrar girðingar sem stefnandi tilgreinir í dómkröfu sinni.

Í máli þessu krefst stefnandi viðurkenningar á því að stærð lóðarinnar að Stekkjarbergi 11 í Hafnarfirði afmarkist af girðingu sem sögð er hafa verið sett upp á árinu 1957 í kringum lóðina. Byggir stefnandi málatilbúnað sinn á því að lóðin afmarkist af girðingunni sem girt hafi verið í samráði við fyrri eiganda landsins en girðingin sé ekki eins staðsett og lóðarmörk sem voru ákveðin af seljanda landsins 1953. Hafi svæðið innan girðingar, sem ekki tilheyri því landi sem afmarkað er með áðurgreindu afsali, orðið eign stefnanda á grundvelli hefðar.

Stefndi mótmælir kröfum stefnanda og krefst sýknu af þeim, enda sé stærð lóðarinnar 3.000 m² og bendi engin gögn til þess að staðið hafi til að lóðin yrði stærri. Ekki liggi fyrir neinar heimildir fyrir því að umdeildur landauki yrði færður undan landi Setbergs og lagður til Skálabergs eða Stekkjarbergs 11. Í besta falli væri unnt að

líta svo á að eigandi Setbergs hefði heimilað eiganda Skálabergs að planta trjám á landinu, en til að stofnun eignarréttinda geti átt sér stað fyrir hefð sé gerð sú krafa að umráð hefðanda séu útrýmandi þannig að umráð annarra séu útilokuð. Bendi framlögð gögn ekki til þess að nýting stefnanda eða forvera hans á umþrættum landauka hafi verið með útrýmandi hætti. Loks bendir stefndi á að ekki liggi fyrir haldbærar upplýsingar um stærð þess lands sem stefnandi geri kröfu um að viðurkennt verði að hann eigi. Gögn málsins og skipulagsupprættir segi ekki til um það og ljósmyndir segi ekki til um staðsetningu girðingar sem sé umlukin gróðri og svo til ónýt.

Í málinu liggur fyrir að Elísabet Reykdal seldi Skúla Hansen 3.000 m² landspildu úr jörðinni Setbergi með afsali 12. október 1953. Liggur landspildan umhverfis húsið Skálaberg og er legu spildunnar og afmörkun lýst í afsalinu og mörkin sýnd á uppdrætti sem fylgir afsalinu. Landspildan fékk síðar heitið Stekkjarberg 11. Af hálfu stefnanda er vísað til þess að Skúli Hansen hafi girt þá girðingu sem vísað er til í dómkröfu stefnanda á árinu 1957. Sætir það ekki athugasemdum af hálfu stefnda. Stendur girðingin enn uppi að mestu þrátt fyrir að vera á köflum umlukin gróðri. Er málatilbúnaður stefnanda reistur á því að land það sem liggur innan nefndrar girðingar, en utan þess lands sem afmarkað er í afsali Skúla Hansen, hafi orðið eign stefnanda og foreldra stefnanda þar áður, fyrir hefð.

Skilyrði eignarhefðar samkvæmt lögum nr. 46/1905 um hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Óslitið eignarhald hefur verið skýrt svo að sá sem telur sig hafa öðlast eignarréttindi fyrir hefð þurfi að hafa haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar. Geta slík umráð lýst sér í beinni hagnýtingu og ráðstöfunum með löggerningi. Þá er samkvæmt lögum um hefð gengið út frá því að hefðandi verði að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í 3. mgr. 2. gr. laganna segir að ef hefðandi hafi fengið hlut að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, þá geti slík umráð ekki heimilað hefð.

Skúli Hansen og fjölskylda hans fluttu í húsið Skálaberg á árinu 1947, en eignin fékk síðar heitið Stekkjarberg 11. Greindi dóttir Skúla, Ann Mari Zetterstöm Hansen, aðspurð frá því í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi að tilefni þess að girt hefði verið í hrauninu hefði verið ágangur búfenaðar frá nærliggjandi bæjum, Setbergi og Mosahlíð. Einnig hefði verið girt til varnar almenningi sem hefði komið á landið, tínt ber og sýnt börnum yfirgang. Spurð um val á girðingarstæðinu sagði Ann Mari að faðir hennar hefði fengið vilyrði fyrir því að hafa girðinguna þar sem hún hefði verið

reist gegn því að rækta landið. Einnig kom fram að alltaf hefði verið ætlunin að kaupa meira land úr Setbergi. Hefðu faðir hennar og Einar, þáverandi eigandi Setbergs, handsalað samning þar um, en pappírar hefðu ekki fundist því til staðfestingar. Nánar aðspurð svaraði Ann Mari því játandi að hún teldi að einhvers konar kaupsamningur hefði verið gefinn út um landaukann á milli eiganda Setbergs og föður hennar en hann hefði byrjað að gróðursetja tré á landinu um leið og hann flutti að Skálabergi 1947. Þá hefði hann plantað trjám bæði innan 3.000 m² lóðarinnar og utan hennar en innan girðingar eins og hún liggur.

Samkvæmt þessu plantaði Skúli Hansen trjám í hrauninu allt frá árinu 1947 þegar fjölskyldan flutti í Skálaberg. Þá hafði hann hvorki keypt landið umhverfis Skálaberg né girt þá girðingu sem stefnandi miðar við í dómkröfu sinni.

Að því virtu sem nú er fram komið og öðrum atvikum málsins verður ekki hjá því komist að álykta sem svo að þáverandi eigandi Setbergs hafi látið það átölulaust og beinlínis samþykkt að Skúli Hansen girti í hrauninu stærra land en hann hafði keypt, land sem hann hóf að rækta þegar hann flutti að Skálabergi 1947 eða áður en hann keypti landspilduna. Ekki er upplýst í málinu hvað réði legu og afmörkun á landspildu þeirri sem Skúli Hansen fékk keypta úr jörðinni Setbergi en samkvæmt framburði dóttur hans fyrir dómi, plantaði Skúli trjám bæði innan og utan landsins allt frá því að hann kom að Skálabergi. Einnig kom fram í framburði Ann Mari fyrir dómi að til hefði staðið að kaupa meira land úr jörðinni Setbergi síðar. Gögn málsins benda þó ekki til þess að til hafi staðið að taka meira land úr jörðinni Setbergi og leggja undir Skálaberg en gert var með áðurgreindu afsali 12. október 1953. Verður það niðurstaða dómsins að líta beri svo á að þáverandi eigandi Setbergs hafi heimilað Skúla Hansen að nýta allt það land sem hann girti af og þar með land úr Setbergi sem liggur innan girðingar en utan þess lands sem Skúli eignaðist með nefndu afsali og að um lán hafi verið að ræða í skilningi 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Fær þessi niðurstaða stoð í aðilaskýrslu Ann Mari Zetterstöm Hansen fyrir dómi. Slíkt lán útilokar eignarhefð stefnanda að viðbótarlandinu.

Ekki fær breytt þessari niðurstöðu með hvaða hætti landspilda umhverfis Skálaberg hefur verið afmörkuð á skipulagsuppdráttum stefnda í gegnum tíðina, enda er tilgangur og hlutverk slíkra uppdráttanna annað en varðar eignarréttindi og renna þeir því á engan hátt stoðum undir eignarhald á landi sem tekið er til skipulags.

Fullyrðing stefnda um að ekki verði annað séð en að fasteignagjöld hafi verið greidd af 3.000 m² landspildu en ekki stærra landi er engum gögnum studd og verður ekki á henni byggt í málinu.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu dómsins skiptir ekki máli við úrlausn ágreinings aðila hvort afnot stefnanda af landinu hafi útilokað afnot annarra af viðbótarlandinu eða hve lengi afnotin stóðu.

Rétt þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að hvor aðili fyrir sig beri sinn kostnað af málinu.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum fyrirmælum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dómari og aðilar töldu óþarft að málið yrði flutt á ný.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hafnarfjarðarkaupstaður, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, dánarbús Else Ingeborg Hansen.

Málskostnaður fellur niður.

Jón Höskuldsson

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjaness 18. júlí 2019

